

Sp.

161. Tillaga til þingsályktunar

[136. mál]

um starfsreglur Póst- og símamálastofnunar.

Flm.: Albert Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að setja með reglugerð nánari fyrir-
mæli um starfssvið Landssíma Íslands með það að markmiði að samræma starf-
semi og verksvið símans þeim reglum er gilda um starfsemi annarra hliðstæðra
þjónustustofnana, svo sem rafveitna, hitaveitna og vatnsveitna.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var síðast flutt á 100. löggjafarþingi, 1978—79, og
var þá 211. mál.

Þar sem fram hefur komið í umræðum á Alþingi, að núverandi samgönguráð-
herra er samþykkur þeim breytingum, sem þessi þingsályktunartillaga gerir ráð
fyrir, leyfi ég mér að endurflytja hana nú í von um að verði hún samþykkt auðveldi
það ráðherra að gera hið bráðasta þær breytingar, sem nauðsynlegar eru. Bæði
tillögugreinin og greinargerðin, sem hér fer á eftir eru orðréttar eins og þær voru
upphaflega lagðar fram.

Í II. kafla laga nr. 30 frá 27. júní 1941, er að finna ákvæði þar sem ríkinu
er, m. a. í 2. gr., veitt einokun á „að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa
út á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki
(tæki, taugar, búnað, o. þvl.) eða hluta þeirra“ o. s. frv. Í IV. kafla sömu laga
er þessi einkaréttur framseldur póst- og símamálastjórn. Hins vegar er ráðherra,
sem fer með fjarskiptamál, veitt heimild í 3. gr. laganna til að veita undanþágur
frá ákvæðum 2. greinar. Í lögum nr. 36 frá 13. maí 1977 er einkaréttur Póst- og
símamálastofnunar enn þá áréttáður. Í 3. gr. þeirra laga er þó nokkuð dregið í land
frá fyrri ákvæðum, þar sem nú er veitt einkaleyfi til að „stofna til og starfrækja
hvers konar póst-, síma- og aðra fjarskiptaþjónustu“ svo og að „hafa eftirlit með
innflutningi og viðurkenningu á búnaði í því sambandi“.

Ekki eru hornar brigður á nauðsyn þess, að Póst- og símamálastofnunin reki
símstöðvar og annist lagnir símalína milli staða. Hins vegar á einkaleyfi símans
að vera lokið þegar að því kemur sem framkvæma þarf eftir að símalögn er komin
í tengil innan húsveggs notanda.

Starfsemi annarra þjónustustofnana, svo sem rafmagns-, vatns- og hitaveitna,
má telja hliðstæðar starfsemi síma og ættu því að gilda um þær hliðstæð ákvæði.
Rafmagnsveita og hitaveita tengja lagnir sínar við mæla notanda innanhúss, en
láta þar staðar numið. Eftir að gengið er frá inntaki er notendum í sjálfsvald sett
hvernig lögnum innanhúss er hagað og hvaða efni og tæki eru notuð, svo framar-
lega að öryggis- og gæðakröfum, sem kunna að verða settar, sé fullnægt. Með
frjálsum innflutningi eykst fjölbreytni og hagkvæmni og símanum sparast fé og
fyrirhöfn við innkaup og birgðahald, a. m. k. varð sú raunin á þegar Viðtækja-
verslun ríkisins var lögð niður á sínum tíma. Má ætla að sú verði einnig raunin
að því er símann varðar.